

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 328. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. janúar 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:30.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerðir 188., 189. og 190. fundar menningarnefndar, dags. 15. nóvember, 11. desember og 20. desember 2019.
- 2) Fundargerð 132. fundar hafnarstjórnar, dags. 27. desember 2019.
- 3) Fundargerð rekstrarnefndar Rastar, dags. 25. nóvember 2019.
- 4) Fundargerð 104. fundar stjórnar FSS, dags. 18. desember 2019, ásamt endanlegri fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónunstu Snæfellinga fyrir árið 2020.
- 5) Fundargerð 418. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 6. desember 2019.
- 6) Fundargerð 877. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 2019.
- 7) Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 2. janúar 2020, varðandi framlög sveitarfélaga til HeV á árinu 2020.
- 8) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 30. desember 2019, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020.
- 9) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 9. desember 2019, varðandi niðurfellingu Traðarvegur nr. 5707-01 af vegaskrá.
- 10) Bréf frá Félagi heyrnarlausra, dags. 17. desember 2019, varðandi fjárstuðning vegna Táknmálsapps.
- 11) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 7. janúar 2020
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

188.fundur

Föstudagurinn 15.nóvember 2019 kl. 12:00 – 13:00 Veitingarstaðurinn Hraunið, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Jólaþorpið

Frábær þáttaka á jólaþorpinu og 110% aukning söluaðila frá fyrra ári. Farið yfir skipulag á básum og fleiri þáttum.

Jólahús Snæfellsbæjar og Piparkökuhús

Tekin ákvörðun að breyta verðlaunum í peningarverðlaun, kr. 20.000,-
Teljum við að með því megi auka þáttöku. Ákveðið að hafa piparkökuhúsin til sýnins á fjölförnum stað í bænum - talað verður við Kassann.

Auglýsingar

Jólatónleikar, Jólaþorp og Jóla- & Piparkökuhús fer í auglýsingar á næstu vikum.

Jólasveinar

Búið er að ákveða þær dagsetningar sem sveinki skýtur upp kollinum ásamt staðsetningum, frábær viðbrögð frá öllum stöðum.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

189.fundur

Miðvikudaginn 11. desember 2019 kl. 12:00 – 13:00 Veitingarstaðurinn Hraunið, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Jólaþorp

Farið var yfir hvað betur mætti fara fyrir næsta ár.

Jólaþorpið heppnaðist verulega vel og mæting fór fram úr björtustu vonum.

Jólatónleikar GÓSS heppnuðustu einnig vel. Mæting hefði mátt vera betri en við skrifum það hjá okkur fyrir næsta ár.

Jólahús & Piparkökuhús

Ákveðið að færa verðlaunaafhendingu um viku, 22. desember kl. 16:30 í Átthagastofu.

Auglýsing kemur á heimasíðu SNB. Bæjarbúum gefst kostur á að skila sínu atkvæði inn á síðu snb.is.

Fleira ekki rætt.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

190.fundur

Föstudagur 20.desember 2019 kl. 12:00 – 12:30 Veitingarstaðurinn Hraunið, Ólafsvík.

Fundinn sátu: Erla Gunnlaugsdóttir, Einar Magnús Gunnlaugsson, Jón Kristinn Ámundsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Jólahús - Piparkökuhús

Góð þáttáka var í kosningu á vef snb.is og menningarnefnd var sammála vali bæjarbúa með bæði jólahús og piparkökuhús.

- Jólahús Snæfellsbæjar - Alls komu 69 atkvæði.

Skipholt 1, Gylfi Scheving & Jóa hlutu flest atkvæði eða 29.

- Piparkökuhús - 61 atkvæði sem skiptust á milli húsa nr. 3 og nr. 6.

Piparkökuhús nr. 3, Soffía Elín, Ásbjörn & Særún fengu flest atkvæði eða 34

Gjafabréf verða prentuð af Steinprent og verðlaun afhent 22.desember í Átthagastofu.

Fleira ekki rætt.

132. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn föstudaginn 27.12. 2019, kl. 17.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Póra Olsen,
Sæunn Dögg Baldursdóttir,
Þráinn Viðar Egilsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 06.09. 2019, varðandi samþykkt bærstjórnar á fundargerð 131. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 414 dags. 28.08., nr. 415 dags. 26.09. og nr. 416 dags. 18.10. 2019. Lagt fram til kynningar.
3. Gjaldskrá hafnarsjóðs fyrir árið 2020. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
4. Fjárhags og framkvæmdaáætlun hafnarsjóðs fyrir árið 2020. Hafnarstjóri kynnti áætlunina og fór yfir helstu liði hennar. Fjárhags og framkvæmdaáætlunin samþykkt samhljóða.
5. Sæunn og Þráinn spurðu um starfsmannamál hafnarvarða og breytingar á vinnufyrirkomulagi. Hafnarstjóri fór yfir þessi mál og svaraði spurningum þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.00

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður.
Póra Olsen.
Sæunn Dögg Baldursdóttir.
Þráinn Viðar Egilsson.
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Félagsheimilið Röst - nefndarfundur

1. fundur

25. nóvember 2019 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar frá kl. 12:00 - 12:45.

Mætt: Karen Olsen, Guðrún Halla Elíasdóttir og Heimir Berg Vilhjálmsson

1. Umræður

Almenn umræða um félagsheimilið Röstina og ástand þess, fjárhagsstöðu og framtíðarsýn.

2. Teikningar

Finna teikningar af húsinu í núverandi mynd og kalla eftir þeim breytingatillögum sem hafa verið teiknaðar upp.

3. Skoðunarferð í Röstina

Ákveðið að næsti fundur, í janúar 2020, verði haldinn í Röstinni þar sem húsnæðið verður tekið út.

Fundi slitið kl. 12:45



FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Fundargerð 104. fundar stjórnar FSS

Fundarstaður: Fundarsalur Ráðhúss Snæfellsbæjar
Dagsetning: miðvikudaginn 18. desember 2019
Fundartími: Kl. 10.30

Mættir: Stjórn FSS; Kristinn Jónasson, formaður, Jakob Björgvin Jakobsson og Björg Ágústsdóttir; ennfremur Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS. Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar og Þór Örn Jónsson, bæjarritari Stykkishólmsbæjar sátu fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2.

Dagskrá: Meðferð máls

1. Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stýrði.
2. **Fjárhagsáætlun FSS fyrir rekstursárið 2020** *kynning – umræða - afgreiðsla*
Framlögð tillaga að fjárhagsáætlun FSS fyrir árið 2020 yfirfarin, rædd og samþykkt samhljóða. Lilja og Þór Örn viku nú af fundi.
3. **Bréf til félagsmálaráðherra** *umræða – afgreiðsla*
Svohljóðandi bókun stjórnar með bréfi til félagsmálaráðherra samþykkt samhljóða:
„Stjórn byggðasamlags snæfellskra sveitarfélaga um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs, samþykkir samhljóða að lýsa því yfir að byggðasamlagið er reiðubúið til að taka við framkvæmd og umsýslu málefna fatlaðs fólks hér á Snæfellsnesi af hendi þjónusturáðs Vesturlands bs.

Snæfellsbæ, 18. 12. 2019

Kristinn Jónasson, formaður

(sign.)

Björg Ágústsdóttir

(sign.)

Jakob Björgvin Jakobsson“

(sign.)

4. **Hönnun íbúðkjarna fatlaðra** *kynning - umræða*



FÉLAGS- OG SKÓLAPIJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Forstöðumaður gerði grein fyrir stöðu hönnunar verksins og samstarfi við AVH.

Samþykkt að boða til fundar stjórnar og samráðshóps með AVH, arkitektum, verkfræðingum og hönnuðum upp úr miðjum janúar þar sem hönnun íbúðakjarnans verður kynnt fundarmönnum. Ennfremur verður farið yfir gerð umsóknar um stofnframlög hjá Íbúðalánasjóði í ársbyrjun.

5. Starfsmannamál

Kynning - umræða

Auglýstar hafa verið lausar stöður félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa, talmeinafræðings og þroskajálfa en án árangurs. Því voru ráðnir 2 starfsmenn án starfsréttinda í tímabundnar stöður ráðgjafa félagsþjónustu og barnaverndar, þær Brynja Mjöll Ólafsdóttir og Júníana Björg Óttarsdóttir. Þá hefur náðst samkomulag við starfandi náms- og starfsráðgjafa FSN, Agnesi Helgu Sigurðardóttur, um tímabundna lágmarksþjónustu náms- og starfsráðgjafa fyrir elstu bekki grunnskólanna á Snæfellsnesi nú á vormisseri 2020.

6. Önnur mál

kynning - umræða

- a) Gæðaúttektir og ráðgjöf Ástríðar Helgu Erlendsdóttur á starfrækslu dagþjónustu- og vinnustaða fatlaðra, Smiðjunnar, Ásbyrgis og einstaklingsdeildar.
- b) Erindi Velferðarnefndar Snæfellsbæjar
- c) Rætt um að FSS komi til fundar með bæjarstjórnarfólki, og kynni starfsemi FSS
- d) Næstu skref í kjölfar funda með stjórn HVE um mögulega framvindu frekari samvinnu v. heimaþjónustu FSS og heimahjúkrunar HVE.
- e) Umfang grunnþjónustu sveitarfélaganna sem nefnist hér eftir „stoðþjónusta sveitarfélaga“
- f) Næsti fundur stjórnar fer fram upp úr miðjum janúar. Meginefni fundar verður kynning AVH á hönnun þjónustuíbúðakjarnans í Ólafsvík.
Forstöðumanni falið að boða samráðhóp verkefnisins á fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

	Áætlun 2020	Áætlun 2019	Staða 19/11 2019
49 Félags- og skóláþjónusta	0	1.179.167	-18.636.465
4920 Félags- og skóláþjónusta	18.290.000	11.880.000	-8.005.874
49-20-0 Tekjur	-69.830.000	-70.330.000	-70.631.031
49-20-0810 Endurgreiðslur sveitarfélaga	-68.890.000	-69.715.000	-69.705.008
49-20-0890 Aðrar endurgreiðslur / v-námskeiða	-500.000	-470.000	-782.023
49-20-0903 Endurmenntunarsjóður grunnskóla	-440.000	-145.000	-144.000
49-21-1 Laun- og launatengd gjöld	50.705.000	46.060.000	32.881.762
49-20-1110 Mánaðarlaun	40.000.000	36.300.000	25.785.167
49-20-1191 Nefndar- og stjórnarlaun	500.000	500.000	479.610
49-20-1512 Breyting lífeyrisskuldbindinga / Albert	265.000	250.000	227.848
49-20-1801 Tryggingagjald	3.300.000	3.000.000	2.028.122
49-20-1802 Lífeyrissjóðsgjöld	5.200.000	4.700.000	3.504.594
49-20-1804 Starfsmenntasjóður	200.000	180.000	127.285
49-20-1805 Orlofsheimilasjóður	100.000	90.000	86.389
49-20-1806 Fjölskyldu- og styrktarsjóður	240.000	215.000	157.810
49-20-1890 Önnur launatengd gjöld	750.000	675.000	435.542
49-20-1906 Kaffikostnaður	150.000	150.000	49.395
49-20-2 Vörukaup	1.420.000	1.555.000	659.123
49-20-2011 Skrifstofuvörur	75.000	100.000	17.098
49-20-2021 Bækur	20.000	20.000	0
49-20-2031 Ritföng	75.000	90.000	53.808
49-20-2041 Ljósritunarvörur	150.000	175.000	96.204
49-20-2061 Viðhaldsvörur tækja og áhald	600.000	720.000	281.090
49-20-2851 Húsgögn	100.000	100.000	0
49-20-2853 Tækjakaup - minniháttar	200.000	200.000	34.437
49-20-2990 Önnur vörukaup	200.000	150.000	176.486
49-20-4 Þjónustukaup	35.915.000	34.515.000	29.045.772
49-20-4011 Símakostnaður	450.000	500.000	397.834
49-20-4115 Starfsmannabifreiðar (akstursdagbók)	1.500.000	1.500.000	964.590
49-20-4122 Flutningskostnaður (sendibifreiðar)	25.000	25.000	0
49-20-4211 Fargjöld innanlands	15.000	15.000	0
49-20-4221 Dagpeningar innanlands	450.000	450.000	224.100
49-20-4231 Dvalarkostnaður innanlands	150.000	150.000	12.000
49-20-4291 Ferðakostnaður sérfræðinga	1.000.000	1.000.000	767.898
49-20-4292 Dvalarkostnaður sérfræðinga	800.000	1.000.000	586.589
49-20-4331 Endurskoðun	650.000	550.000	626.045
49-20-4333 Bókhalds- og símaþjónusta	600.000	600.000	550.000
49-20-4342 Kerfisfræðiastod/OneSystem	800.000	1.000.000	691.344
49-20-4345 Kerfisrekstur /TSC	120.000	150.000	0
49-20-4350 Læknis- og hjúkrunarkostnaður	15.000	15.000	14.500
49-20-4354 Þjónusta talméinafræðinga	3.500.000	5.000.000	2.947.526
49-20-4355 Sameiginleg barnavernd	450.000	450.000	387.280
49-20-4390 Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta (heimasí	800.000	800.000	137.934
49-20-4413 Húsaleiga (Klettsbúð 4)	3.750.000	3.600.000	3.375.859
49-20-4413 Húsaleiga (Sýslumaður)	700.000	320.000	557.150
49-20-4712 Ábyrgðartryggingar	30.000	25.000	29.158
49-20-4723 Lausafjártryggingar	30.000	25.000	26.140
49-20-4724 Starfsmannatryggingar	325.000	290.000	280.963

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

49-20-4911	Prentun og ljósritun	55.000	150.000	0
49-20-4912	Póstburðargjöld	200.000	200.000	195.683
49-20-4913	Auglýsingar Félags- og skólajónustu	850.000	350.000	1.026.956
49-20-4923	Námskeiðs- og skólagjöld	1.300.000	800.000	1.276.935
49-20-4926	Fræðsluferðir, jólahlaðborð, árhátíð	850.000	850.000	112.500
49-20-4990	Önnur aðkeypt þjónusta	16.500.000	14.700.000	13.856.788
49-20-9	Styrkir	80.000	80.000	38.500
49-20-9291	Forvarnarstyrkir	0	50.000	0
49-20-9292	Styrktarlínur og auglýsingar	80.000	30.000	38.500

4922	Bifreið	4.050.000	5.150.000	3.220.223
49-22-2	Vörukaup	900.000	1.150.000	518.506
49-22-2533	Bensín	750.000	900.000	488.513
49-22-2553	Smurolía-viðhaldsvörur	150.000	250.000	29.993
49-22-4	Þjónustukaup	3.150.000	4.000.000	2.701.717
49-22-4490	Leigugjöld ótilgreind	3.000.000	4.000.000	2.571.946
49-22-4961	Bifreiðaverkstæði	50.000	0	14.284
49-22-4990	Önnur aðkeypt þjónusta	100.000	0	115.487

4923	Ráðgjafajónusta	10.485.000	23.445.000	19.335.734
49-23-1	Laun- og launatengd gjöld	10.235.000	23.355.000	18.911.332
49-23-1110	Mánaðarlaun (<i>ráðgjafi - 80%</i>)	8.200.000	17.800.000	14.647.581
49-23-1801	Tryggingagjald	625.000	1.500.000	1.168.598
49-23-1802	Lífeyrissjóðsgjöld	1.150.000	3.500.000	2.638.149
49-23-1804	Starfsmenntasjóður	20.000	40.000	32.224
49-23-1805	Orlofsheimilásjóður	25.000	45.000	36.623
49-23-1806	Fjölskyldu- og styrktarsjóður	50.000	100.000	80.565
49-23-1890	Önnur launatengd gjöld	165.000	370.000	307.592
49-23-4	Þjónustukaup	250.000	90.000	424.402
49-23-4115	Starfsmannabifreiðar (akstursdagbók)	250.000	90.000	424.402

4924	Frekari liðveisla	3.580.000	2.330.000	2.791.402
49-24-1	Laun- og launatengd gjöld	3.580.000	2.330.000	2.791.402
49-24-1110	Mánaðarlaun	1.850.000	1.500.000	1.490.325
49-24-1801	Tryggingagjald	180.000	110.000	144.333
49-24-1802	Lífeyrissjóðsgjöld	240.000	175.000	192.215
49-24-1804	Starfsmenntasjóður	15.000	10.000	10.432
49-24-1805	Orlofsheimilásjóður	20.000	15.000	14.905
49-24-1806	Fjölskyldu- og styrktarsjóður	15.000	10.000	11.176
49-24-1890	Önnur launatengd gjöld	5.000	5.000	1.506
49-24-1906	Kaffikostnaður	5.000	5.000	0
49-24-4115	Starfsmannabifreiðar (akstursdagbók)	500.000	0	504.900
49-24-4990	Önnur þjónustukaup	750.000	500.000	421.610

4925	Stuðningsfjölskyldur	7.500.000	6.370.000	6.124.102
49-25-4	Þjónustukaup	7.500.000	6.370.000	6.124.102
49-25-4990	Önnur aðkeypt þjónusta	7.500.000	6.370.000	6.124.102

4926	NPA þjónusta	16.390.000	16.390.000	18.271.488
49-26-0	Tekjur	-7.610.000	-7.610.000	-1.406.592
49-26-0142	NPA framlag Jöfnunarsjóðs	-5.910.000	-5.910.000	0

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

49-26-0990	Aðrar tekjur / <i>Stykkishólmur - endurgr.</i>	-1.700.000	-1.700.000	-1.406.592
49-26-4	Þjónustukaup	24.000.000	24.000.000	19.678.080
49-26-4990	Önnur aðkeypt þjónusta/ <i>NPA</i>	24.000.000	24.000.000	19.678.080

4927	Dagþjónusta - hæfing Stykkishólmur	33.965.000	30.205.000	23.326.121
49-27-0	Tekjur	0	-2.500.000	0
49-27-0890	Endurgreitt frá Vinnumálastofnun	0	-1.500.000	0
49-27-0990	Aðrar tekjur	0	-1.000.000	0
49-27-1	Laun- og launatengd gjöld	25.720.000	21.665.000	17.348.294
49-27-1110	Mánaðarlaun (<i>4 stg. - enginn þroskaþj.</i>)	20.600.000	17.250.000	13.827.222
49-27-1790	Fatnaður starfsfólks	180.000	180.000	189.325
49-27-1801	Tryggingagjald	1.550.000	1.400.000	1.044.371
49-27-1802	Lífeyrissjóðsgjöld	2.700.000	2.250.000	1.832.527
49-27-1804	Starfsmenntasjóður	145.000	120.000	96.785
49-27-1805	Orlofsheimilásjóður	210.000	165.000	138.268
49-27-1806	Fjölskyldu- og styrktarsjóður	155.000	140.000	103.704
49-27-1890	Önnur launatengd gjöld	30.000	10.000	16.749
49-27-1906	Kaffikostnaður	150.000	150.000	99.343
49-27-2	Vörukaup	1.860.000	2.055.000	1.101.920
49-27-2021	Bækur blöð, spil og fleira	50.000	70.000	39.986
49-27-2031	Ritföng	50.000	50.000	39.210
49-27-2111	Matarkostnaður	550.000	450.000	437.175
49-27-2511	Rafmagn til lýsingar	450.000	470.000	334.121
49-27-2853	Minniháttar tæki	150.000	350.000	0
49-27-2853	Minniháttar tæki (prentarakaup)	0	140.000	0
49-27-2911	Hreinlætisvörur o.fl.	160.000	75.000	116.689
49-27-2930	Ýmsar viðhaldsvörur	100.000	100.000	95.918
49-27-2990	Önnur vörukaup	350.000	350.000	38.821
49-27-4	Þjónustukaup	6.385.000	6.185.000	3.472.042
49-27-4011	Símakostnaður	150.000	195.000	134.640
49-27-4115	Starfsmannabifreiðar skv.v akstursdagb.	250.000	250.000	166.672
49-27-4122	Sendibifreiðar	50.000	75.000	4.867
49-27-4211	Fargjöld innanlands	50.000	50.000	17.463
49-27-4221	Dagpeningar innanlands	50.000	50.000	0
49-27-4350	Læknis- og hjúkrunarkostnaður	20.000	20.000	2.000
49-27-4413	Húsaleiga	5.000.000	4.880.000	2.838.912
49-27-4724	Starfsmanna- og nemendatrygging	20.000	20.000	0
49-27-4921	Fundir og ráðstefnur	10.000	10.000	0
49-27-4923	Námskeiðs- og skólagjöld	200.000	50.000	85.496
49-27-4945	Gámaþjónusta	185.000	185.000	150.913
49-27-4990	Önnur þjónustukaup (<i>aðkeypt ráðgjöf</i>)	400.000	400.000	71.079
49-27-9	Eignfærslur/framkvæmdakostnaður	0	2.800.000	1.403.865
49-27-9990	Innréttingar, húsb. & tækjakaup	0	2.800.000	1.403.865

4928	Dagþjónusta - hæfing Snæfellsbær	41.955.000	22.320.000	16.700.943
49-28-0	Tekjur	-1.200.000	-750.000	-1.001.606
49-28-0890	Endurgreitt frá Vinnumálastofnun	-1.200.000	-750.000	-1.001.606
49-28-1	Laun- og launatengd gjöld	37.090.000	17.620.000	13.218.245
49-28-1110	Mánaðarlaun (<i>4,38 stg. - þ.m.t. Gunnstein</i>)	30.000.000	14.000.000	10.711.618
49-28-1790	Fatnaður starfsfólks	180.000	180.000	40.000
49-28-1801	Tryggingagjald	2.250.000	1.150.000	771.424

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

49-28-1802	Lífeyrissjóðsgjöld	3.750.000	1.865.000	1.326.612
49-28-1804	Starfsmenntasjóður	215.000	85.000	72.493
49-28-1805	Orlofsheimilásjóður	310.000	125.000	103.562
49-28-1806	Fjölskyldu- og styrktarsjóður	235.000	85.000	77.662
49-28-1890	Önnur launatengd gjöld	50.000	30.000	12.310
49-28-1906	Kaffikostnaður	100.000	100.000	102.564
49-28-2	Vörukaup	1.900.000	915.000	1.112.730
49-28-2021	Bækur blöð, spil og fleira	35.000	35.000	8.156
49-28-2111	Matarkostnaður	900.000	300.000	738.555
49-28-2511	Rafmagn til lýsingar	400.000	150.000	330.837
49-28-2853	Minniháttar tæki (prentarakaup)	300.000	140.000	0
49-28-2911	Hreinlætisvörur o.fl.	100.000	125.000	17.440
49-28-2912	Lyf og hjúkrunarvörur	15.000	15.000	4.292
49-28-2990	Önnur vörukaup (<i>húsbún. og tæki</i>)	150.000	150.000	13.450
49-28-4	Þjónustukaup	4.165.000	3.935.000	3.371.574
49-28-4011	Símakostnaður	155.000	150.000	138.480
49-28-4112	Bílaleigubílar	50.000	0	12.557
49-28-4115	Starfsmannabifreiðar skv.v akstursdagb.	100.000	150.000	7.920
49-28-4211	Fargjöld innanlands	25.000	25.000	52.441
49-28-4221	Dagpeningar innanlands	35.000	35.000	0
49-28-4350	Læknis- og hjúkrunarkostnaður	10.000	10.000	2.000
49-28-4391	Önnur sérfræðiþjónusta vsk	50.000	50.000	0
49-28-4413	Húsaleiga (<i>innri leiga</i>)	3.000.000	3.000.000	3.000.000
49-28-4913	Auglýsingar	25.000	0	17.236
49-28-4923	Námskeiðs- og skólagjöld	200.000	0	0
49-28-4945	Gámaþjónusta	165.000	165.000	129.071
49-28-4990	Önnur þjónustukaup	350.000	350.000	11.869
49-28-9	Eignfærslur/framkvæmdakostnaður	0	600.000	0
49-28-9990	Húsbúnaður og tæki	0	600.000	0
4929	Sérfræðiráðgjöf vegna fatlaðra	900.000	900.000	0
49-29-4	Þjónustukaup	900.000	900.000	0
49-29-4353	Sértæk ráðgjafarþjónusta v-fatlaðra	900.000	900.000	0
4930	Málefni fatlaðra - tekjur	-137.850.000	-114.200.000	-94.000.004
49-30-0	Tekjur	-137.850.000	-114.200.000	-94.000.004
49-30-0810	Jöfnunarsjóður v-málefna fatlaðra	-107.850.000	-97.200.000	-57.000.000
49-30-0811	Útsvarsaukning sveitarfélaganna	-30.000.000	-17.000.000	-17.000.004
49-30-089-0	Aðrar endurgreiðslur	0	0	-20.000.000
4931	Ólafsbraut 19 (Smiðjan)	-890.000	-265.000	-2.578.575
49-31-0	Húsaleiga	-3.000.000	-3.000.000	-3.000.000
49-31-0340	Innri leiga	-3.000.000	-3.000.000	-3.000.000
49-31-2	Vörukaup	750.000	750.000	2.106
49-31-2930	Ýmsar viðhaldsvörur	500.000	500.000	2.106
49-31-2990	Önnur vörukaup	250.000	250.000	0
49-31-4	Þjónustukaup	835.000	835.000	252.089
49-31-4711	Brunatryggingar	25.000	25.000	23.764
49-31-4721	Húsatryggingar	15.000	15.000	0
49-31-4965	Viðhald húsa	500.000	500.000	187.075
49-31-4968	Hússjóður	45.000	45.000	41.250

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

49-31-4990	Önnur þjónustukaup	250.000	250.000	0
49-31-5	Skattar og opinber gjöld	175.000	200.000	167.230
49-31-5111	Fasteignagjöld	175.000	200.000	167.230
49-31-8	Afskriftir	350.000	350.000	0
49-31-8611	Afskriftir fasteigna	350.000	350.000	0
49-31-9	Eignfærslur/framkvæmdakostnaður	0	600.000	0
49-31-9990	Hráefnisgeymslulausn	0	600.000	0

4932	Bygging þjónustubúða	0	1.250.000	2.000.000
49-32-0	Tekjur	-36.000.000	0	0
49-32-0810	Framlög sveitarfélaganna (12%)	-36.000.000	0	0
49-29-4	Þjónustukaup	36.000.000	1.250.000	2.000.000
49-29-4322	Arkitektar	16.000.000	1.000.000	2.000.000
49-29-4965	Viðhald húsa (<i>nýbygging</i>)	20.000.000	0	0
49-29-4990	Önnur þjónustukaup	0	250.000	0

4933	Skammtímavistun	350.000	350.000	0
49-29-4	Þjónustukaup	350.000	350.000	0
49-29-4990	Önnur þjónustukaup	350.000	350.000	0

4935	Aðrar óreglulegar tekjur	0	-3.537.500	-7.075.000
49-35-0	Tekjur	0	-7.075.000	-7.075.000
49-35-0151	Jöfnunarsjóður - endurbótaframl. v/Smið	0	-7.075.000	-7.075.000

4980	Fjármunatekjur	-25.000	-25.000	-7.841
49-80-1	Vaxtatekjur af veltufjármunum	-25.000	-25.000	-7.841
49-80-531-1	Staðgreiddur fjármagnstekjuskattur	10.000	10.000	2.207
49-80-701-1	Vaxtatekjur af bankareikningum	-25.000	-25.000	0
49-80-703-1	Dagvextir innheimtukrafna	-10.000	-10.000	-10.048

4980	Fjármunatekjur	1.300.000	975.000	1.260.816
49-80-1	Vaxtatekjur af veltufjármunum	1.300.000	975.000	1.260.816
49-80-711-4	Aðrir vextir og bankakostnaður	400.000	75.000	378.621
49-80-711-5	Vextir af langtímaskuldum	300.000	100.000	293.894
49-80-711-6	Verðbætur	600.000	800.000	588.301

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

Tölur Hagstofunnar um íbúafjölda 30. júní 2019	Framlag sveitarfélags pr. mán.		
Snæfellsbær	1.680	43,08%	2.472.974
Grundarfjarðarbær	870	22,31%	1.280.647
Helgafellssveit	60	1,54%	88.321
Eyja- og Miklaholtshreppur	110	2,82%	161.921
Stykkishólmsbær	1.180	30,26%	1.736.970
Heildaríbúafjöldi:	3.900	100,00%	5.740.833

Heildar-framlags-greiðslur sveitarfélaga á árinu 2020 - m.v. mannfjölda 30. júní 2019			
Snæfellsbær	1.680	43,08%	29.675.692
Grundarfjarðarbær	870	22,31%	15.367.769
Helgafellssveit	60	1,54%	1.059.846
Eyja- og Miklaholtshreppur	110	2,82%	1.943.051
Stykkishólmsbær	1.180	30,26%	20.843.641
Heildaríbúafjöldi:	3.900	100,00%	68.890.000

Tölur Hagstofunnar um íbúafjölda 30. júní 2019	Útsvarsaukning pr. mán.		
Snæfellsbær	1.680	43,08%	1.076.923
Grundarfjarðarbær	870	22,31%	557.692
Helgafellssveit	60	1,54%	38.462
Eyja- og Miklaholtshreppur	110	2,82%	70.513
Stykkishólmsbær	1.180	30,26%	756.410
Heildaríbúafjöldi:	3.900	100,00%	2.500.000

Heildar-útsvar-greiðslur sveitarfélaga á árinu 2020 - m.v. Mannfjölda 30. júní 2019			
Snæfellsbær	1.680	43,08%	12.923.077
Grundarfjarðarbær	870	22,31%	6.692.308
Helgafellssveit	60	1,54%	461.538
Eyja- og Miklaholtshreppur	110	2,82%	846.154
Stykkishólmsbær	1.180	30,26%	9.076.923
Heildaríbúafjöldi:	3.900	100,00%	30.000.000

Gjalddagar eru 12. Fyrsti dagur hvers mánaðar, eindagi er 15. sama mánaðar

FJÁRHAGSÁÆTLUN FSS 2020

SAMANBURÐUR MILLI ÁRA - FRAMLÖG*:	2019	2018	2017	2016
Snæfellsbær	2.432.931	4.360.512	3.097.809	2.540.937
Grundarfjarðarbær	1.300.232	2.313.198	1.642.212	1.377.616
Helgafellssveit	85.990	159.531	93.307	91.841
Eyja- og Miklaholtshreppur	191.254	345.650	242.599	214.296
Stykkishólmsbær	1.745.009	3.137.442	2.146.072	1.699.060
	5.755.416	10.316.333	7.221.999	5.923.750
*mánaðarleg framlög				

SAMANBURÐUR MILLI ÁRA - ÚTSVAR*:	2019	2018	2017	2016
Snæfellsbær	598.854	598.797	547.793	569.025
Grundarfjarðarbær	320.046	317.655	290.396	308.508
Helgafellssveit	21.166	21.907	16.500	20.567
Eyja- og Miklaholtshreppur	47.076	47.466	42.899	47.990
Stykkishólmsbær	429.525	430.842	379.495	380.493
	1.416.667	1.416.667	1.277.083	1.326.583
*mánaðarleg framlög				

Fundargerð 418. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, föstudaginn 6. desember kl. 12:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson í fjarfundarbúnaði, Hanna Björg Konráðsdóttir, Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson, Rebekka Hilmarsdóttir og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 417. fundar - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 417. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. nóvember 2019.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Norrænt verkefni - Fishing for litter - 1911004HA

Lögð fram tölvupóstssamskipti, dags. 1. nóvember 2019, um verkefnið - Fishing for litter.

Stjórn Hafnasambands Íslands telur rétt að kynna verkefnið fyrir íslenskum höfnum.

3. Námskeið fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn - óskað umsagnar - 1911005HA

Lagt fram erindi frá Samgöngustofu, dags. 27. nóvember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn vegna kröfu um námskeið fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn. Einnig lögð fram drög að umsögn um málið og erindi Þorvaldar Guðmundssonar sem hann flutti á hafnafundi árið 2007.

Stjórn hafnasambandsins samþykkir drög að umsögn og felur starfsmanni að senda hana á Samgöngustofu.

4. Fundur um fiskeldi og gjaldtöku í höfnum með SFS - 1911002HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann og starfsmaður áttu með Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi um fiskeldi og gjaldtöku í höfnum.

5. Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA

Rætt um málefni næsta hafnasambandsþings sem verður haldið 24.-25. september 2020 í Ólafsvík.

Guðmundur Kristjánsson kom inn á fundinn kl. 13:40.

6. Vegagerðin - Stefna 2020-2025 - 1912001HA

Lögð fram til kynningar stefna Vegagerðarinnar fyrir árin 2020-2025.

7. Siglingaverndarráð - óskað tilnefningar - 1802002HA

Endurtilnefna þarf varamann í Siglingaverndarráð í stað Guðnýjar Hrunnar Karlsdóttur sem látið hefur af störfum sem sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Samþykkt að tilnefna Hönnu Björgu Konráðsdóttur sem varamann í Siglingaverndarráð í stað Guðnýjar Hrunnar Karlsdóttur.

Fundi var slitið kl. 14:00

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 877. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 13. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Sigurður Ármann Snævarr og Guðjón Bragason, sem ritaði fundargerð.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir mætti í hennar stað. Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Daníel Jakobsson mætti í hennar stað. Eypór Laxdal Arnalds boðaði forföll, varamaður hans Hildur Björnsdóttir mætti í hans stað. Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 876. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 876. fundar stjórnar sambandsins frá 29. nóvember 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Ályktun stjórnar um afleiðingar óveðurs í desember 2019 - 1912015SA

Samþykkt var að bæta inn á dagskrá fundarins umfjöllun um afleiðingar óveðurs sem gekk yfir landið í vikunni.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sendir stjórnendum sveitarfélaga og íbúum þeirra sem nú glíma við afleiðingar óveðursins kveðju, um leið og hún þakkar björgunaraðilum, starfsmönnum veitufyrirtækja og öðrum sem tekið hafa þátt í viðbrögðum við afleiðingum þess óveðurs sem dunið hefur á landinu undanfarna daga. Stjórnin hvetur ríkisstjórn Íslands, Alþingi, Landsnet og veitufyrirtæki til að gera allt sem í valdi þeirra stendur til að tryggja raforkuöryggi um allt land sem allra fyrst. Það er með öllu óásættanlegt að stór hluti íbúa landsbyggðarinnar búi við slíkt óryggi sem raunin er. Stjórnvöldum ber skylda til að haga málum þannig að almanna- og öryggishagsmunir verði ávallt hafðir í fyrirrúmi við uppbyggingu og rekstur innviða sem eiga að tryggja öryggi og jafna búsetuskilyrði allra landsmanna.

3. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1810074SA

Lögð fram fundargerð 46. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 12. nóvember 2019.

Vegna máls 2 í fundargerðinni, um akstursþjónustu í rýmum og úrræðum skv. lögum um málefni aldraðra, samþykkir stjórnin að sambandið kanni hjá

sveitarfélögum fjölda beiðna sem berast vegna akstursþjónustu aldraðra einstaklinga á hjúkrunarheimilum til að meta umfang þessarar þjónustu.

Vegna máls 3 í fundargerðinni þar sem fjallað er um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og flíkniefni ? neyslurými, gerir stjórn sambandsins alvarlegar athugasemdir við að ekki hafi verið brugðist við rökstuddum athugasemdum sveitarfélaga og sambandsins á fyrri stigum málsins. Það er óásættanlegt að verkefni sem er að uppistöðu til heilbrigðisþjónusta, flytji án undirbúnings til sveitarfélaga. Af þessum ástæðum telur stjórn sambandsins verkefnið ótímabært, en áréttar vilja sveitarfélaga að samþætta þjónustu í þágu notenda. Gera þarf þjónustusamning um þessa heilbrigðisþjónustu og fjármögnun hennar, enda er hún ekki á ábyrgð sveitarfélaga.

Jón Björn Hákonarson mætti til fundar kl. 12.45.

4. Árangursmat starfsáætlunar sambandsins 2019 og starfsáætlun sambandsins 2020 - 1910047SA

Lagt fram mat á árangri á starfsáætlun fyrir árið 2019 og drög að starfsáætlun fyrir árið 2020.

Stjórnin þakkar fyrir greinargott mat á árangri og framfylgd starfsáætlunar ársins 2019 og telur að vel hafi tekist til við vinnu á grundvelli hennar. Jafnframt samþykkir stjórnin fyrirbyggjandi drög sem starfsáætlun ársins 2020, að teknu tilliti til ábendinga sem fram komu á fundinum.

5. Staða kjaramála - yfirlit dómsmála - 1905033SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 10. desember 2019, um stöðu kjaramála í desember 2019 - yfirlit um dómsmál.

6. Jafnlaunavottun Sambands íslenskra sveitarfélaga - 1906009SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2019, um jafnlaunavottun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með undirbúning og framkvæmd jafnlaunavottunar, þar sem m.a. kemur fram í launagreiningu að án nokkurra sérstakra ráðstafana í ferlinu reyndist launamunur kynja hjá sambandinu vart mælanlegur eða rétt við 0%.

7. Viðmiðunarreglur um framlög sveitarfélaga til stjórnmalasamtaka - 1910025SA

Tekið fyrir að nýju, minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dag. 10. desember 2019, um viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalasamtaka sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 - framhald, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 29. nóvember 2019, en þá var ákveðið að fresta málinu til næsta fundar.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir fyrirbyggjandi upplýsingar. Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að viðmiðunarreglum um framlög til stjórnmalasamtaka, með þeirri breytingu að viðmiðunarfjárhæð verði 175 kr. á íbúa.

8. Tillaga að fulltrúum í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 1811042SA

Lagt fram bréf Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 3. október 2019, þar sem óskað er eftir tilnefningu í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Einnig lagt fram minnisblað formanns stjórnar og framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 10. desember 2019, um tillögu að fulltrúum í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Samþykkt að Adolf H. Berndsen, fyrrv. sveitarstjórnarmaður á Skagaströnd, og Díana Hilmarsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, verði aðalmenn. Jafnframt samþykkt að varamaður Adolfs verði Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, og varamaður Díönu verði Guðný Birna Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ. Skoðunarmenn verða Jóhannes Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Hveragerðisbæjar.

9. Viðbrögð við minnisblaði sem unnið var fyrir Grýtubakkahrepp - 1910031SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 9. desember 2019, um viðbrögð við minnisblaði, dags. 6. desember 2019, sem unnið var fyrir Grýtubakkahrepp.

Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með nefndarálitið og væntir þess að þingsályktunin verði samþykkt fyrir þinghlé.

10. Niðurstöður PISA 2018 - 1802070SA

Lagt fram minnisblað skólamálafulltrúa á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 6. desember 2019, um niðurstöður PISA 2018, ásamt PISA skýrslunni og glærum frá kynningarfundum fyrir fjölmiðla um málið, dags. 3. desember 2019. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra mætir hugsanlega á fundinn undir þessum lið.

Samþykkt að unnið verði áfram að þróun þeirra tillagna sem fram koma í minnisblaðinu, með hliðsjón af þeim ábendingum sem fram komu í umræðum um málið í fræðslumálanefnd sambandsins og í stjórn þess. Stjórnin mun taka málið til umfjöllunar að nýju á næsta fundi. Jafnframt verði teknar upp viðræður við mennta- og menningarmálaráðherra um mögulegar úrbætur.

11. Staða þingmála við lok haustþings 2019 - 1909020SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 9. desember 2019, um stöðu þingmála við lok haustþings 2019. Svíðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir minnisblaðinu og sérstaklega stöðu frumvarps um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga (jöfnunarsjóður).

12. Yfirfærsla þjóðvega til sveitarfélaga og niðurfelling vega af vegaskrá - 1712014SA

Lagt fram bréf sambandsins til Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 5. desember 2019, um yfirfærslu þjóðvega til sveitarfélaga og niðurfellingu vega af vegaskrá, ásamt fylgiskjali.

Einnig lagt fram frumvarp frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um breytingu á bráðabirgðaákvæði við vegalög nr. 80/2007 sem felur í sér að fyrir árslok 2020 verði búið að ganga frá samningum um skilavegi í stað ársloka 2019 eins og nógildandi lög gera ráð fyrir.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að til stæði að samþykkja frumvarpið fyrir þinghlé, en það byggir á þeirri forsendu að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Vegagerðin, sambandið og SSH, skrifi undir sameiginlega yfirlýsingu um málið fyrir árslok. Samningaviðræður standa yfir um efni og orðalag þeirrar yfirlýsingar og verður höfð hliðsjón af áherslum sem fram komu í umræðu um málið við endanlegan frágang yfirlýsingarinnar.

13. Umsögn um frumvarp til laga um menntasjóð námsmanna - 1911078SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. nóvember 2019, um frumvarp til laga um menntasjóð námsmanna, 329. mál.

Stjórn sambandsins tekur undir umsögnina og leggur áherslu á að tekið verði tillit til þeirra ábendinga sem þar koma fram.

14. Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir - 1911097SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 4. desember 2019, um frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir (hækkun tekju- og eignamarka leigjenda, sérstakt byggðaframlag, veðsetningu), 320. mál.

15. Umsögn um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - 1911096SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 2. desember 2019, um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál.

16. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum - 1909030SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 4. desember 2019, um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, 391. mál.

17. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum - lenging fæðingarorlofs - 1911105SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 5. desember 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 393. mál.

18. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta - vistvæn ökutæki o.fl. - 1912004SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 5. desember 2019, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvæn ökutæki o.fl.), 432. mál.

19. Ályktanir haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga - 1902044SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var 25. og 26. október 2019.

Fundi var slitið kl. 14:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Hvalfjarðarsveit, 2. janúar 2020.

Til sveitarstjórna á Vesturlandi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands óskar starfsmönnum sveitarfélaganna og fjöldskyldum þeirra gleðilegs nýs árs og þakkar góð samskipti á liðnu ári.

1. Í framhaldi af bréfi sem sent var í byrjun nóvember s.l. ásamt fjárhagsáætlun 2020 er komið að fyrsta greiðsluframlagi til HeV (sjá meðfylgjandi excel-skjal). Engar athugasemdir bárust frá sveitarfélögum um fjárhagsáætlunina. Á meðfylgjandi blaði er skilgreind sú upphæð sem kemur til greiðslu frá hverju sveitarfélagi. Við greiðsluframlagið, sem er þrískipt, er miðað við íbúafjölda eins og hann lá fyrir 1. janúar 2019 frá Hagstofunni við tvö fyrstu framlögin. Vegna 3. greiðslu verður miðað við mannfjölda Hagstofunnar um þessi áramót og verður greiðslan þá jöfnuð út miðað við íbúafjöldann þá (sjá meðfylgjandi fylgiskjal).
2. HeV bendir á að fjöldi fastráðinna starfsmanna er nú þrír sem er fyrsta fjölgun frá stofnun 1999. Árni Gunnarsson sem gegnt hefur tímabundnu starfi frá 1. júlí s.l. hefur verið fastráðinn frá áramótum.
3. Nokkur óvissa ríkir vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 7/1998 um hullustuhætti og mengunarvarnir. Þar eru boðaðar breytingar m.a. vegna skráninga fyrirtækja í stað starfsleyfis. Þá eru boðaðar umdeildar breytingar sem valda því að fyrirtæki þurfi hvorki að skrá sig né sæta almennu eftirliti.
4. Bendum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins www.hev.is þar sem finna má fundargerðir og fleira.

Væntum góðra samskipta við starfsfólk sveitarfélaganna á nýju ári.

Með kveðju,

Helgi

Fylgiskjal:

Framlag sveitarfélaga til HeV 2020.

Framlag sveitarfél. til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2020

Kennitala	Sveitarfélag	Íbúafj.		Greiðsla			Framlag 2020
		1. 1. 2019.	%	1. 1. 2019.	15. 1. 2020.	15. 3. 2020.	15.05,2020
410169-4449	Akranes	7411	44,90	2.993.074	2.993.074	??	8.979.221
630606-1950	Hvalfjarðarsveit	638	3,87	257.668	257.668	??	773.005
600269-0709	Skorradalshreppur	58	0,35	23.424	23.424	??	70.273
510694-2289	Borgarbyggð	3807	23,06	1.537.530	1.537.530	??	4.612.589
690894-2469	Eyja- og Miklaholtshr.	117	0,71	47.253	47.253	??	141.758
510694-2449	Snæfellsbær	1674	10,14	676.077	676.077	??	2.028.230
520169-1729	Grundarfjarðarbær	866	5,25	349.751	349.751	??	1.049.252
600169-6379	Helgafellssveit	62	0,38	25.040	25.040	??	75.120
620269-7009	Stykkishólmsbær	1201	7,28	485.047	485.047	??	1.455.140
510694-2019	Dalabyggð	673	4,08	271.804	271.804	??	815.412
	SAMTALS	16.507		6.666.667	6.666.667	6.666.667	20.000.000

1. greiðsla 15. janúar miðað við íbúafjölda 1. jan 2019
2. greiðsla 15. mars miðað við íbúafjölda 1. jan 2019
3. greiðsla 15. maí miðað við íbúafjölda 1. jan 2020 og greiðsla jöfnuð út.



Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ - Hellissandi

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 30. desember 2019
Tilv.: ANR19100244/11.02.07

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020

Vísað er til umsóknar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

Samkvæmt reglugerð nr. 675/2019, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2019/2020, hefur sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið allt að 5.374 þorskígildislestum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið hefur fjallað um umsókn sveitarfélagsins og sbr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur í hlut sveitarfélagsins sem hér segir:

Arnarstapi	27 þorskígildislestir
Hellissandur	0 þorskígildislestir
Ólafsvík	107 þorskígildislestir
Rif	0 þorskígildislestir


Reglugerð nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2019/2020, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótanum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem hún leggur til séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.


Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 27. janúar 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.**

Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli þeirra reglna sem um það gilda.

Sérstaklega er vakin athygli á leiðbeiningum Fiskistofu um byggðakvóta 2019/2020 sem birtar voru á vefsíðu Fiskistofu þann 21. október sl.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Kristján Skarphéðinsson


Jón Þrándur Stefánsson

Fylgiskj.: Skipting úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2019/2020 eftir byggðarlögum

Fylgiskjal: Skipting úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2019/2020 eftir byggðarlögum

Sveitarfélag: **Snæfellsbær** Byggðarlag: **Arnarstapi**

Úthlutun byggðarlags: **27** þorskígildislestir

Skipting úthlutunar eftir tegundum

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
Ósl. kg	19.901	2.738	2.492	392	1.040	136	306
Sl. kg	16.717	2.300	2.093	353	1.040	122	245

Sveitarfélag: **Snæfellsbær** Byggðarlag: **Hellissandur**

Úthlutun byggðarlags: **0** þorskígildislestir

Skipting úthlutunar eftir tegundum

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
Ósl. kg	0	0	0	0	0	0	0
Sl. kg	0	0	0	0	0	0	0

Sveitarfélag: **Snæfellsbær** Byggðarlag: **Ólafsvík**

Úthlutun byggðarlags: **107** þorskígildislestir

Skipting úthlutunar eftir tegundum

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
Ósl. kg	78.866	10.851	9.876	1.553	4.122	538	1.215
Sl. kg	66.248	9.115	8.296	1.398	4.122	484	972

Sveitarfélag: **Snæfellsbær** Byggðarlag: **Rif**

Úthlutun byggðarlags: **0** þorskígildislestir

Skipting úthlutunar eftir tegundum

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
Ósl. kg	0	0	0	0	0	0	0
Sl. kg	0	0	0	0	0	0	0

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

30. desember 2019

Á eyrunum ehf.
Efstalundi 2
210 Garðabæ



Borgarnes, 9. desember 2019
Tilvísun: 2019010038
BRA/
Tilv. ykkar:

Efni: Tilkynning um niðurfellingu Traðavegar nr. 5707-01 af vegaskrá

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 26.9.2019 þar sem tilkynnt var um að fyrirhugað væri að fella Traðaveg nr.5707-01 af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 24. október sl.

Engar athugasemdir bárust innan tilgreinds frests.


Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Traðavegur nr. 5707-01 uppfyllir ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og verður því felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur frá og með næstu áramótum, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga.

Landeiganda er hins vegar bent á að hægt er að sækja um að vegurinn verði tekinn inn á vegaskrá sem héraðsvegur þegar það er komin föst búseta og lögheimili. Umsókn og leiðbeiningar um hana má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is. Einnig er hægt að hafa samband við undirritaðan vegna umsóknar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit: Snæfellsbær

Virðingarfyllst,


Ómar Örn Kristófersson
Tæknideild Vestursvæði, Borgarnesi

Kristinn Jónasson

From: Styrkur - Deaf <styrkur@deaf.is>
Sent: þriðjudagur, 17. desember 2019 22:00
To: Kristinn Jónasson
Subject: nr 1 Þjóðagjöf App heyrnarlausra Opnum betri aðgengi samskiptum heyrnarlausra milli heyranda fólk
Attachments: Barnaefni App .docx; Stundurliður kostnaður 60 ára afmælisstuðningur.docx; Tímalína Frá þögn til þjóðþrifa.pdf

Kæri/a Kristinn og Bæjarstjórn

sendi hér með beiðni ósk um fjárstuðning tengst "Aðgengi heyrnarlausra í samskiptum
" APP „Brjótum margar alda einagrun heyrnarlausra með því gefa þjóðinn Táknmáls app „

Félag heyrnarlausra hefur ákveðið í tilefni af 60 ára afmæli félagsins árið 2020 að gefa út app með íslensku táknmáli og gefa þjóðinni. Appið sem verður frítt inniheldur helstu orð á táknmáli sem almenningur getur nýtt sér í samskiptum við heyrnarlausra eða sér til skemmtunar. Þetta app er til í Bandaríkjunum og hefur Félag heyrnarlausra ákveðið að fara í samstarf við hönnuði appsins og útfæra á Íslenska táknmálið. Appið mun fá mikla umfjöllun þegar það verður opinberað en Félag heyrnarlausra leitar stuðnings öflugra aðila við kaup og útfærslu á appinu sem mun kosta um 3,5 milljónir króna. Logo samstarfsaðila mun birtast sem auglýsingar í appinu sem hefur gott auglýsingagildi. Má sleppa .

Leitum við því til ykkar með áhuga á fjárhagslegri aðkomu að verkefninu sem helsti stuðningsaðili. Eða hvort þið gæti lagt okkur 0 -800.000 kr stuðning.

Táknmálsapp fyrir alla Íslendinga verður sett af stað til undirbúnings og upptöku í lok nóvember 2019. Í kringum 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra þann 11. febrúar verður appið opnað og kynnt Íslendingum til gjafar og svo mun taka allt árið að setja inn í það fjölbreytta orðaflóru táknmálsins sem aðgengilegt verður eins og fyrr segir öllum Íslendingum og næstu ár á eftir að gera það öflugra og öflugra með auknum orðaforða

Einnig er önnur App barnaefni í vinnslu byrjun ársins sjá viðhengi . Gaman væri gefa heyrnarlausra börn tækifæri að fá táknmálsstúlkað og geta fylgst með eins og heyrandi börn.

Með von um góðar undirtektir,

Virðingarfyllst / With regards

Þróstur Friðþjófsson.



Félag heyrnarlausra • Þverholti 14 • 105 Reykjavík • Iceland
Íslenskt táknmál þú hefur það í hendi þér
Sími: 561-3560 - GSM: 660 4566

Heiti verkefnis Táknmálsapp - Sögustund á táknmáli í símanum Hljóðbók fyrir heyrnarlaus börn

Sótt er um styrk að upphæð kr. 2.000.000

Lýsing verkefnis - Greinið frá markmiðum, eðli og umfangi verkefnis Félag heyrnarlausra mun fagna 60 ára afmæli félagsins í febrúar 2020. Í tilefni þess langar félaginu að gefa heyrnarlausum og heyrandi börnum á aldrinum 4 ára og uppúr frítt tvítýngt app þar sem sagðar verða smásögur á táknmáli. Með þessu fá bæði heyrnarlaus börn tækifæri á að fá sagðar sögur á sínu tungumáli þ.e. íslenska táknmálinu, eitthvað sem ekki er til, og sögurnar verði textaðar sömuleiðis þannig að önnur börn fái notið þess að sjá sagðar sögur á lifandi hreyfimáli, íslenska táknmálinu og öðlist um leið sýn í heim heyrnarlausra jafnaldra sinna með því að sjá og fylgja söguþræðinum eftir á táknmáli og geta jafnframt lesið með. Appið sem þegar er til erlendis hefur margþættan ávinning fyrir utan það að heyrnarlaus börn fái sína sögustund á sínu tungumáli, er þroski við að horfa, lesa og læra.

Verkefni hefst: 01.01.2020

Verkefni lýkur: 29.01.2021

Tíma- og verkáætlun

Undirbúningur er þegar hafinn við að leita styrkja til að kosta fyrstu útgáfu saganna, kaupa appið og fá erlenda aðila til að koma og kenna upptöku og sögufólki vinnslu kerfisins. Í framhaldi mun sögum fjölga, allt eftir vilyrði og samfélagsþátttöku stofnanna og fyrirtækja við verkefnið. erum við að tala um október 2019 til maí 2021.

Gera skal grein fyrir með hvaða hætti árangur verkefnisins verður metinn Ekkert, nákvæmlega ekkert er í boði fyrir heyrnarlaus börn en með tækni eins og appi er hægt að færa sögur inn á síma fólks á mun einfaldari hátt og með bættri flutningstækni 4G/5G. Ríki og sveitarfélög hafa ekki þekkingu á þessu efni þannig að þjálfun starfsfólks upptökuversins í Félagi heyrnarlausra fær þjálfun til að vinna efnið á íslenskt táknmál. Þetta söguapp er til í Bandaríkjunum og hefur reynst ákaflega vel sem barnaefni fyrir heyrnarlaus börn.

Samstarfsaðilar Mezmals USA sjá má appið á www.mezmals.com

Félag heyrnarlausra er með upptökuver, tæknimann sem sér um að uppfæra efni og fréttæfni á heimasíðu Félags heyrnarlausra www.deaf.is og mun félagið fá þjálfun frá Mezmals varðandi tæknilega útfærslu netsins.

Stofnanir og fyrirtæki sem styðja verkefnið fjárhagslega.

Sundurliðuð fjárhagsáætlun

Í fjárhagsáætlun þurfa að koma fram m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið og/eða hefur sótt um á þessu ári

Áætlaður heildarkostnaður stofnkostnaður 4.500.000

Kaup og þjálfun á hugbúnaði:	2.500.000	Efniskostnaður við studíó:	500.000	Vinnulaun
sögufólks og undirb	1.200.000	Annar kostnaður	300.000	

Tekjur Barnaefnið er hugsað sem gjöf félagsins til heyrnarlausra barna og annarra barna í tilefni af 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra 11. febrúar 2020.

Aðrar upplýsingar

Annað sem umsækjandi vill taka fram Mikilvægt er að heyrnarlaus börn fái barnaefni á sínu tungumáli, íslenska táknmálinu þó við viljum gera betur og hafa efnið tvítyngt þannig að önnur börn njóti einnig góðs af. Ekkert videoefni hefur verið gefið út af stofnunum sveitarfélaga né ríkis fyrir heyrnarlaus börn og því tími til að auka efni fyrir þennan einangraða hóp.

Öflugt samstarf óskast!

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi og hefur starfað frá árinu 1960. Verður því félagið 60 ára þann 11 febrúar 2020.

Markmið félagsins er að standa vörð um réttindi heyrnarlausra og tryggja að þeir njóti jafnræðis hvarvetna í samfélaginu á grundvelli táknmáls. Einnig vinnur félagið að því að styrkja stöðu íslenska táknmálsins, móðurmáls heyrnarlausra, auk þess að vinna að forvarnarverkefnum í geðheilbrigðismálum heyrnarlausra.

Heyrnarlausir hafa mátt heyja langa og erfiða réttindabaráttu og lengi þurftu þeir að þola mismunun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Aðal baráttumál okkar þessi misserin hefur verið að berjast fyrir aðgengi að táknmálstúlkum út í þjóðlífinu og vinnustaðatúlkun. Nú er allur túlkasjóðurinn uppurinn og fá heyrnarlausir ekki túlka síðustu 3 mánuði ársins til að eiga samskipti út á við né á vinnustað. Einnig verða heyrnarlausir fyrir höfnunum um umsóknir í háskóla þar sem þeir treysta sér ekki að kosta túlka í tímum.

Félag heyrnarlausra er með nokkur virk réttindamál á sínum snærum til að tryggja aðgengi okkar fólks um túlkajónustu og er þessi liður félaginu mjög kostnaðarsamur félaginu. Er það von okkar að fá öflug fyrirtæki í lið með okkur til að samfélagið geti fjárfest í virku og sjálfstæðu heyrnarlausu fólki á vinnumarkaði, með aðgang að vinnustaðatúlkun enda sýna útreikningar að það er mun meira hagræði fyrir þjóðfélagið að hafa heyrnarlausa virka skattgreiðendur á vinnumarkaði í stað þess að vera óvirkir bótaþegar.

Önnur helstu verkefni félagsins eru á árinu 2020

Kostnaðaráætlun:

- | | | |
|----|---|-----------|
| 1. | 60 ára afmælishátíð Félags heyrnarlausra | 3.000.000 |
| 2. | Efla menntunarsjóð heyrnarlausra til endurmenntunar og fræðslu til þeirra. | 1.000.000 |
| 3. | Hagsmunamál og réttindabarátta. | 1.800.000 |
| 4. | Efling á forvarnastarfi með útgáfu myndbandsefnis á táknmáli | 800.000 |
| 5. | Efling á atvinnumálum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. | 2.400.000 |
| 6. | Efla upptökustudio heyrnarlausra til að efla táknmálsviðmót á vef félagsins | 1.200.000 |
| 7. | Gerð barnaefnis á táknmáli | 900.000 |

Það er von okkar að fá öfluga samherja með okkur í lið til að virkja okkar fólk til jafns á við aðra í samfélaginu.